Öryggisblað (MSDS)

Skv. reglug. 415/2014 (CLP), reglug. 750/2008 (REACH).

1. Auðkenning efnis eða blöndu og upplýsingar um fyrirtæki.

1.1. Auðkenni vöru

Söluheiti vöru: **FOAMING CAUSTIC CLEANER FP**
Tilvísunarnúmer: 3179

Gerð vöru: Blanda, vökvi.

Reach skráningarnr: -

1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnisins eða blöndunnar og notkun sem ráðið er frá

Notkun vöru: Hreingerningarefni.
Frráðin notkun: Aðeins til notkunar af fagfólki og í iðnaði.

1.3. Upplýsingar um fyrirtækið sem lætur gera öryggisblaðið

Fyrirtæki: GARRI ehf. Lynghálsi 2 110 Reykjavík Sími 570 0300
www.garri.is

Tengiliður fyrirtækis: garri@garri.is

Útgáfudagsetning: 14.03.2016
Útgáfa: 1,0
Gerð öryggisblaðs: Efnavernd ehf. Reykjavík http://efnavernd.is

1.4. Neyðarsímanúmer:

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112
Eiturefnamiðstöð Landspítala - háskólasjúkrahúss, Reykjavík: sími 543 2222

2. Hættugreining.

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar

Flokkun skv. reglugerð nr.750/2008 með síðari breytingum (REACH)

-

Flokkun skv. reglugerð nr. 415/2014 með síðari breytingum (CLP)

Húðæting/húðerting, fl. 1A
Alvarlegur augnskaði/augnerting, fl. 1
Ætandi á málma, fl. 1

Helstu hættur

Eðlisræn hætta: Getur verið ætandi fyrir málma.

Heilsufarshætta: Veldur alvarlegum ætibruna á húð. Veldur alvarlegum augnskaða.

Umhverfishætta: -

2.2. Umbúðamerkingar

Umbúðamerkingar skv. reglugerð 415/2014 með síðari breytingum (CLP)

Hættumerki:

Viðvörunarorð: Hætta

Innihaldsefni: Natríumhýdroxíð

Hættusetningar (H): H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
H290 Getur verið ætandi fyrir málma.

Varnaðarsetningar (P)

Almennar: -

Forvarnir:
P260 Andið ekki að ykkur úða/gufu/ýringi.
P264 Þvoið hendur og önnur óvarin húðsvæði vandlega eftir meðhöndlun.
P280 Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.

Viðbrögð:
P310 Hringið umsvifalaust í EITRUNARMIÐSTÖÐ eða lækni.
P305 + P351 + P338 BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P303 + P361 + P353 BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P363 Þvoið föt sem óhreinkast af efninu fyrir næstu notkun.
P304 + P340 EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og hafið hann í stellingu sem léttir öndun.
P301 + P330 + P331 EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst.
P390 Sogið upp allt sem hellist niður til að afstýra eignatjóni.

Geymsla:
P405 Geymist á læstum stað.
P406 Geymist í tæringarþolnu íláti eða íláti með tæringarþolnu innra lagi.

Förgun:
P501 Fargið innihaldi/íláti með öruggum hætti og í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

Viðbótarupplýsingar: -

Takmarkanir á notkun: -

2.3. Aðrar hættur

Aðrar hættur: Ætandi.
Inntaka getur valdið varanlegum skaða eða dauða.
Skaðleg snerting við efnið veldur ekki alltaf verkjum strax.
Innöndun gufu/úða getur valdið ertingu eða vefjaskemmdum í öndunarfærum.
Geymist þar sem börn ná ekki til.

Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.

3. Samsetning/upplýsingar um innihaldsefni.

CAS-nr.	*EB-nr.*	*Efnaheiti*	*Magn, %*	*Flokkun, CLP/REACH*
7732-18-5	-	vatn	40 - 70	-
1310-73-2	215-185-5	natríumhýdroxíð	15 - 40	-
31138-65-5	-	natríumglútóheptonat	1 - 5	-

Varnaðarmerkingar, sjá kafla 2. ***Texti allra hættusetninga, sjá kafla 16.***

4. Skyndihjálp.

4.1. Lýsing á skyndihjálparaðgerðum

Almennt: Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi vökva eða fæðu.

Við innöndun: Flytjið slasaða í ferskt loft og látið hann hvílast í stellingu sem auðveldar öndun. Leitið læknis ef óþægindi eru viðvarandi. Leitið STRAX læknis eða hafið samband við eitrunarmiðstöð.

Snerting við húð: Fjarlægið strax föt og skó sem mengast hafa af efninu og skolið húðina vel með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur eða farið í sturtu. Leitið STRAX læknis eða hafið samband við eitrunarmiðstöð. Þvoið mengaðan hlífðarfatnað áður en hann er notaður aftur og fargið menguðum skóm.

Snerting við augu: Skolið vel með nægu vatni eða augnskolunarlausn í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið. Fjarlægið snertilinsur ef við á og það er auðvelt. Skolið áfram. Hafið STRAX samband við lækni eða eitrunarmiðstöð.

Inntaka: Skolið munninn með vatni. Framkallið EKKI uppköst. Hafið STRAX samband við lækni eða eitrunarmiðstöð. Reynið aldrei að gefa meðvitundarlausum einstaklingi vökva eða fæðu.

4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Áhrif, einkenni: Sjá kafla 11.

4.3. Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Upplýsingar fyrir heilbrigðisstarfsfólk:
Mögulegar slímhúðarskemmdir geta verið frábending gegn magaskolun.

5. Viðbrögð við eldsvoða.

5.1. Slökkviefni/búnaður

Heppileg slökkviefni: Notið slökkviefni eftir aðstæðum og umhverfi.
Óæskilegur búnaður: -

5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Sérstakar hættur: Varan er ekki eldfim en þurrkað efni getur brunnið. Við bruna geta myndast kolmónoxíð og koldíoxíð og aðrar hættulegar gastegundir og gufur.

5.3. Ráðleggingar fyrir slökkviliðsmenn

Hlífðarbúnaður: Notið fullan hlífðarbúnað og ferskloftstæki við slökkvistörf.
Sérstakar aðferðir: Kælið lokaðar umbúðir með efninu á hættusvæðinu með vatnsúða.

6. Ráðstafanir vegna efnaleka.

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Öryggisráðstafanir: Forðist snertingu við augu, húð og fatnað.
Hlífðarbúnaður: Notið viðeigandi persónuhlífar við hreinsunarstörf.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Varúðarráðstafanir: Hindrið að efnið berist í niðurföll, vatn í umhverfinu eða jarðveg.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Efnaleki: Stöðvið lekann ef hægt er að gera það á öruggan hátt. Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til endurvinnslu eða förgunar.

6.4. Tilvísanir í aðra kafla

Tilvísanir: Sjá kafla 13 fyrir upplýsingar um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla.

7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun

Meðhöndlun: Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðferð efna. Þvoið ykkur vel eftir notkun efnisins.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna hvers konar ósamrýmanleika

Geymsla: Geymist í vel lokuðum umbúðum á þurrum, köldum og vel loftræstum stað. Látið ekki frjósa. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Ósamrýmanleiki: -

7.3. Sértæk endanleg notkun

Sértæk notkun: -

8. Váhrifavarnir/persónuhlífar.

8.1. Mengunarmörk

Mengunarmörk skv. reglugerð 390/2009 ((MG) = meðalgildi fyrir 8 klst., (ÞG) = þakgildi):

Natríumhýdroxíð: (ÞG) 2 mg/m^3

8.2. Váhrifavarnir

Tæknilegar aðgerðir: Tryggið fullnægjandi loftræstingu á vinnusvæði. Ef vinna með efnið veldur ryk-, gufu-, úða-, eða gasmengun yfir mengunarmörkum þarf mögulega að nota frásog frá notkunarstað eða gera aðrar ráðstafanir til að draga úr menguninni.
Greiður aðgangur þarf að vera að augnskolunaráhöldum og öryggissturtu við vinnusvæði.

Persónuhlífar;

Öndunartæki: Ekki nauðsynleg við venjulegar aðstæður. Notið viðeigandi öndunargrímu ef loftræsting er ekki fullnægjandi og erting kemur fram í öndunarfærum eða hætta er á að mengun fari yfir mengunarmörk.

Fyrir augu: Hlífðargleraugu til að verjast slettum. Notið einnig andlitshlíf ef aðstæður eru hættulegar.

Fyrir hendur: Gúmmíhanskar eða aðrir efnaþolnir hlífðarhanskar.

Fyrir húð: Ógegndræpur hlífðarfatnaður (svunta, stígvél, etc.) getur verið nauðsynlegur.

Hreinlæti við vinnu: Þvoið hendur og önnur óvarin húðsvæði vel eftir vinnu með efnið.

Umhverfið: -

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.

9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

Ástand: Vökvi
Útlit: Dökkbrúnn
Lykt: Stingandi
Sýrustig (pH): 14,0
Suðumark: 100°C

Bræðslumark:	-
Blossamark:	> 100°C (ASTM D56)
Sprengimörk:	-
Eldnærandi:	-
Gufuþrýstingur:	-
Gufuþéttni:	-
Uppgufunarhraði:	< 1 (bútýlasetat = 1)
Rokgjörn lífræn efni:	-
Eðlisþyngd:	1,345
Seigja:	-
Leysni:	-
Deilistuðull:	-

9.2. Aðrar upplýsingar

Annað: -

10. Stöðugleiki og hvarfgirni.

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni: Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður og notkun.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki: Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður.

10.3. Möguleg hættuleg efnahvörf

Hættuleg efnahvörf: Snerting við ál eða aðra hvarfgjarna málma getur leitt til myndunar á vetnisgasi.

10.4. Skilyrði sem þarf að varast

Skilyrði: Mikill hiti og beint sólarljós.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni sem skal varast: Sterkir oxunarmiðlar, sterkar sýrur, hvarfgjarnir málmar.

10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

Hættuleg myndefni: Við bruna geta myndast kolmónoxíð og koldíoxíð og aðrar hættulegar gastegundir og gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar.

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Almennt: -

Helstu áhrifaleiðir: Augu, húð, inntaka, innöndun.

Áhrif við innöndun: Erting eða skemmdir í slímhúðum í öndunarvegi. Erting í nefi og hósti.
Áhrif á augu: Verkir, roði, tárubólga og vefjaskemmdir. Efnið getur valdið varanlegum augnskaða.
Áhrif á húð: Verkir, roði, blöðrumyndun og mögulega ætibruni.
Áhrif við inntöku: Vefjaskemmdir eða bruni í munni, hálsi og maga. Verkir, ógleði, uppköst og niðurgangur.

Bráð eiturhrif: Reiknuð bráð eiturhrif blöndunnar (ATEmix)
Inntaka: 1667 mg/kg
Húð: 5400 mg/kg

Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um einstök innihaldsefni.

Langvinn áhrif: Inniheldur engin efni í 0,1% eða meira magni sem talin eru valda krabbameini.

12. Vistfræðilegar upplýsingar.

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif: Upplýsingar um blönduna liggja ekki fyrir. Sjá almennar heimildir fyrir upplýsingar um einstök innihaldsefni.

12.2 Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Þrávirkni/niðurbrot: Upplýsingar um vöruna liggja ekki fyrir.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun í lífverum: Upplýsingar um vöruna liggja ekki fyrir.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi og vatni

Hreifanleiki: Upplýsingar um vöruna liggja ekki fyrir.

12.5. Mat á PBT/vPvB- eiginleikum*

PBT/vPvB efni: -

12.6. Önnur skaðleg áhrif

Aðrar upplýsingar: -

** PBT: þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð*
vPvB: mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli.

13. Förgun.

13.1. Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Meðhöndlun úrgangs: Fargið úrgangi og leifum á öruggan hátt og í samræmi við innlendar og alþjóðlegar kröfur.

Úrgangsflokkun: -

Förgun umbúða: Fargið menguðum umbúðum á sambærilegan hátt og vörunni sjálfri.

Endurnýtið eða endurvinnið ef hægt er. Forðist að mengun berist í niðurföll, vötn, vatnsfarvegi, grunnvatn eða jarðveg.
Fargið úrgangi í samræmi við innlendar og alþjóðlegar reglur.

14. Upplýsingar um flutninga.

Flutningur á landi:	ADR-flokkur:	8	Flokkunarkóði:	-
	SÞ-númer:	1760	Pökkunarflokkur:	II
	Hættunúmer:	-	Magntakmörkun:	-
	Varúðarmerki:	-	Gangakóði:	-
	Nafn efnis:	Corrosive liquids, n.o.s., (contains sodium hydroxide)		
Flutningur á sjó:	IMDG flokkur:	8	Pökkunarflokkur:	II
	SÞ-númer:	1760	EmS:	-
	Varúðarmerki:	-	Sjávarmengandi:	-
	Nafn efnis:	Corrosive liquids, n.o.s., (contains sodium hydroxide)		
Flutningur í lofti:	IATA flokkur:	-	Pökkunarflokkur:	-

SÞ-númer: - Magntakmörkun: -
Varúðarmerki: -
Nafn efnis: -

Flutningar búlkafarms skv. II. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 og IBC-kóðanum: -

15. Upplýsingar varðandi regluverk.

15.1. Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

EB reglugerðir: Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna (CLP).
Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Aðrar reglugerðir: -

Takmarkanir á notkun: -

15.2. Efnaöryggismat

Efnaöryggisskýrsla: -

16. Aðrar upplýsingar.

Dagsetning útgáfu: 14.03.2016

Útgáfa númer: 1,0

Breyttir liðir: -

Öryggisblað gert fyrir: GARRI ehf. Lynghálsi 2 110 Reykjavík Sími 570 0300
www.garri.is

Gerð öryggisblaðs: Efnavernd ehf. Reykjavík http://efnavernd.is

Texti allra hættusetninga í kafla 2 og 3:

H290 Getur verið ætandi fyrir málma.
H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.

Aðrar upplýsingar: -

Ofangreindar upplýsingar eru byggðar á fyrirliggjandi vitneskju um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi þegar öryggisblöðin eru gerð en fela ekki í sér ábyrgð á eiginleikum vörunnar eða afleiddum afleiðingum af notkun hennar. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda þar sem hún er utan áhrifasviðs framleiðanda.

Þetta öryggisblað er unnið eftir MSDS frá Spartan Chemical Co. Inc., Maumee, Ohio 43537, USA, dags. 30.07.2015.